

Lífhimnubólga

Lífhimnubólga (peritonitis) er sýking í lífhimnunni. Hún er alvarlegasta vandamálið sem getur fylgt kviðskilun. Endurteknar sýkingar geta minnkað hæfileika lífhimnunnar til skilunar og valdið því að hætta verður kviðskilun tímabundið eða til langframa.

Fyrirbygging lífhimnubólgu er eitt mikilvægasta verkefni fólks í kviðskilun. Gott hreinlæti er lykilatriði í því. Það felst í góðum handþvotti fyrir öll verk, réttum handbrögðum, hreinu húðopi og góðu persónulegu hreinlæti.

Algengustu einkenni lífhimnubólgu eru:

- Skýjaður skilvökvi kemur út
- Ekki er hægt að lesa í gegnum útrennslispokann
- Óþægindi eða verkir í kvið
- Hiti meiri en 38°
- Ógleði og uppköst
- Niðurgangur
- Minnkuð matarlyst
- Inn- og útrennslis vandamál
- Fibrín-flygsur (ormar) sjást í útrennslispokanum

Verði vart við einhver þessara einkenna og grunur vaknar um lífhimnubólgu skaltu tafarlaust hafa samband við skilunardeildina á opnunartíma eða láta skiptiborð Landspítala kalla á nýrnasérfræðing á bakvakt. Sérðu beðinn um að koma á deildina er gott að taka meðferðis síðasta skilvökvapoka. Vökvinn í honum er notaður til að staðfesta hvort um sýkingu er að ræða.

Ef grunur um lífhimnubólgu er staðfestur á deildinni er meðferð hafin. Hún felst í að skola kviðinn og gefa sýklalyf í kviðskilunarvökvann. Eftir sýklalyfjagjöfina er skipt um slöngu.

Áframhaldandi meðferð er ákveðin af lækni, misjafnt er hvort meðferðin krefst innlagnar eða ekki. Þegar meðferð með sýklalyfjum er alfarið lokið eru slönguskiptin endurtekin.



Tært útrennslis vökvi



Skýjaður útrennslisvökvi, ekki hægt að lesa í gegnum hann

Hafa skal samband við skilunardeild eða nýrnasérfræðinga á bakvakt ef:

- Skýjaður skilvökvi kemur út.
- Ekki er hægt að lesa í gegnum útrenslispokann
- Óþægindi eða verkir í kvið
- Hiti meiri en 38°
- Ógleði og uppköst
- Niðurgangur
- Minnkuð matarlyst
- Inn- og útrenslis vandamál
- Fíbrín-flygsur (ormar) sjást í útrenslispokanum

Símanúmer

Skilunardeild:

Opið kl. 8 – 20 mánudaga til föstudags og kl. 8 – 16 um helgar, s. **543 6310 / 6315**

Skiptiborð Landspítala:

Opið allan sólarhringinn, s. **543 1000**

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.